ÞJÓÐVILJINN

Helgin 29.-30. ágúst 1981


Aðalsími Þjóðviljans er 81333 kl. 9-20 mánudag til föstudags. Utan þess tíma er hægt að ná í blaðamenn og aðra starfsmenn blaðsins í þessum símum: Ritstjórn 81382, 81482 og 81527, umbrot 81285, ljósmyndir 81257. Laugardaga kl. 9-12 er hægt að ná í afgreiðslu blaðsins í síma 81663. Blaðaprent hefur síma 81348 og eru blaðamenn þar á vakt öll kvöld.

Aðalsími 81333

Kvöldsími 81348

Helgarsími afgreiðslu 81663

nafn vikunnar



Ólafur Walter Stefánsson

Úrslit talningar í biskupskjöri og þær brigður sem á þau hafa verið bornar, hefur borið hæst í fréttum vikunnar. Kjörstjórn biskupskjörs hefur verið gagnrýnd harðlega en formaður hennar er Ólafur Walter Stefánsson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu.

— Af hverju voru þessi umdeildu þrjú atkvæði ekki talin með?

Lögin gera ráð fyrir því að kjörgögn verði að vera með ákveðnum hætti og eftir því ber kjörstjórn að fara. Setja á kjörseðil í lokað umslag og það umslag ásamt yfirlýsingu á fylgiblaði um það að viðkomandi hafi kosið, skal sett í annað umslag, sem merkt er kjörstjórn. Fylgiseðillinn er síðan borinn saman við kjörskrá þannig að tryggt sé að viðkomandi hafi kosningarétt. Það er ekki hægt ef fylgiseðilinn vantar.

— En nú er vitað hverjir hafa greitt þessi atkvæði?

Kjörstjórn veit ekki beinlínis hvaðan atkvæðin eru öðru vísi en svo, að þegar búið er að merkja við á kjörskrá öll atkvæði sem talin hafa verið, standa eftir fjögur nöfn. Ef þessi atkvæði eru frá þessum fjórum mönnum er hægt að leiða getum að því hvað er hvað. Eitt barst of seint, menn geta séð að bréf er póstlagt á ákveðnum stað og vitað er að annað bréf hefur tiltekinn aðili afhent. Þannig er hægt að leiða getum að hinu fjórða en það er ekki upplýst þannig að kjörstjórn telji fullnægjandi.

— Nú hefur það verið gagnrýnt að þessi nöfn eru orðin opinber.

Þótt kosningin sé leynileg þá er sjálf framkvæmd kosningarinnar kæranleg. Það, hverjir skila sínu atkvæði og hverjir ekki, eru atriði sem menn eiga rétt á að hafa aðgang að, sem og ástæður þess að atkvæði eru ekki tekin til greina. Þetta verður að vera opinbert til þess að menn geti áttað sig á því hvort kæra eigi kosninguna og þá af hvaða ástæðum.

— Ef úrskurðað verður á þann veg að opna skuli þessi þrjú atkvæði er þá leyndin yfir kosningunni ekki rofin?

Ef kæra verður efnislega tekin til greina, sem ég get ekki sagt neitt til um, þá er tvennt til. Annars vegar að opna atkvæðin og þá er hægt að leiða getum að því hvernig þessir þrír menn hafa greitt atkvæði og hins vegar er sá möguleiki að endurtaka kosninguna ef talið er að þeir gallar hafi verið á henni. Ef kjörstjórn hefði talið sér fært að opna þessi atkvæði og telja þau með öðrum í upphafi, þá hefði sú athöfn verið jafnkæranleg. Í því tilviki að slík kæra hefði verið tekin til greina, hefði orðið að endurtaka kosninguna þar sem ómögulegt hefði verið að tína þessi atkvæði út úr öllum hópnum.

— ÁI

Rætt við Ásu Ólafsdóttur, myndvefara, sem opnar sína fyrstu einkasýningu um næstu helgi



„Síðasta sumarið" heitir þessi skemmtilega mynd af rakstarkonunni með jökulinn í baksýn. Ljósm. —gel—.

„Þykir enn vænna um landið en áður"

„Ég hef búið úti í Gautaborg í 5 ár, en þangað fór ég til framhaldsnáms í myndvefnaði í Konstindustriskolan. Ég hef verið með eigin vinnustofu í Gautaborg síðan ég lauk námi og sýnt á nokkrum samsýningum," sagði Ása Ólafsdóttir myndvefari, sem um næstu helgi opnar sína fyrstu einkasýningu á göngum Kjarvalsstaða.

Ása var í Myndl. og handíðaskólanum 1969—73 og kenndi hér heima áður en hún fór utan. Hún vefur eingöngu ekta efni, ull, hör, bómull, silki og hefur einnig notað íslenskan lopa, sem hún kembir eftir að hún hefur ofið úr honum. Mótífin eru mismunandi, en „ég hef mestan áhuga á náttúru og fólki", segir Ása. Hún hefur selt mynd til sænska ríkisins og nýlega fékk hún norrænan styrk til að halda sýningu á Kjarvalsstöðum. — En hvernig er að lifa sem listamður í Svíþjóð?

„Það er að mörgu leyti ágætt. Ég var svo heppin að fá styrk í vor sem gerir mér kleift að helga mig vinnunni, en slíkan styrk getur maður vænst að fá 3. hvert ár ef vel gengur. Hins vegar vil ég helst flytja heim, því það er erfitt fyrir ísl. listamenn að vinna erlendis. Landið og þjóðin á svo ríkan þátt í verkum manns og hugmyndum."

— Ertu að hugsa um að flytja heim bráðlega?


„Það sem fyrst og fremst kemur í veg fyrir að ég geti flutt heim eru húsnæðisvandræðin. Ég myndi aldrei þora að leigja af ókunnugum, því ég er með barn og hef mjög ójafnar tekjur. Vinna mín er auk þess þess eðlis, að ef ég verð að flytja út með litlum fyrirvara getur það eyðilagt fyrir mér verkefni. Ég verð að hafa eigin vinnustofu, ég lita t.d. allt sjálf og þessa aðstöðu verð ég að hafa heima. Ég veit um ákaflega marga unga íslenska listamenn, sem búa erlendis og starfa þar eingöngu vegna þess að það er nær ógerningur fyrir þá að fá húsnæði hér heima. En allir vilja heim. Eftir langa dvöl erlendis þykir manni ennþá vænna um landið en áður en maður fór út."

— Og hvað er svo framundan?

„Ég mun sýna verk á hópsýningu í Bandaríkjunum á næsta ári og þegar ég fer út nú í haust byrja ég að undirbúa þá sýningu. Ég hef einnig fengið kennslu næsta vetur við skóla sem undirbýr nemendur undir listaháskóla og kenni þar einn dag í viku", sagði Ása.

Sýning hennar verður opin frá 5. sept. til 20. sept. og verður sýnt þar 21 verk, flest til sölu.

þs



Ása hengir upp eitt af stærri verkum sínum, „Lúpínur" heitir þetta verk.



Hér er Ása með staflann sinn á Kjarvalsstöðum, en myndirnar verða hengdar upp á ganginum þar sem komið er inn í húsið.